## GRUNDUN:

Grafa skal, fyrir undirstöðum, niður á burðarhæfan klapparbotn eða annað burðarhæft lag, samkvæmt úttekt byggingarfulltrúa.
Fyllingarefnið er frostfrí grús, þjöppuð rækilega í hæfilega þykkum lögum, t.d. í 30 sm lögum með 5 tonna víbróvaltara og 4 yfirferðum á hvert lag, þar sem búast má við ójöfnum botni skal vanda sérstaklega þjöppun, grús undir undirstöðum og botnplötu sé hvergi minni en 500 mm. á þykkt.

Þjöppun á að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

$E2 \geq 8$ Mpa
$E1 \geq 5$ Mpa
$E2/E1 \leq 2,3$

## JÁRNBENDING:

Járnastærðir eru í mm.

Steypustyrktarstál merkt R á teikningu er slétt stál ST37 Steypustyrktarstál merkt K á teikningu er kambstál Ks 40 með $\sigma f = 400$ Mpa.

MERKING JÁRNA:

K10 m/m250 merkir að eitt 10 mm kambjárn komi á hverja 250 mm. Í plötu er fjarlægð gefin milli beinna járna innbyrðis og milli uppbeygðra járna innbyrðis.

Heildregin lína merki járn í neðri brún plötu. ————
Brotin lína merki járn í efri brún plötu. -- -- -- -- --

Bil milli láréttra járna í bitum er 25 mm fyrir 16 mm járn en 30 mm fyrir sverari járn.
Í plötum má ekki skeyta meira en þriðja hvert járn í þversniði, bil milli skeytiþversniða sé ekki minna en 40 x þvermál járnstangar.
Víxlunarlengd á samskeytum (skeytilengd) er a.m.k. 40 x þvermál járnstangar.
Beygjuþvermál kambstáls skal mera 20 x þvermál járnstangar en fyrir suðuhæft stál 5 x þvermál járnstangar.

Í efri og neðri brún undirstaða komi 2K12 lárétt járn sem beygjast heil fyrir horn.
Umhverfis öll múrop skal setja 2K12 sem nái a.m.k. 600 mm út fyrir opin.
Í alla veggenda og efst í alla veggi skal setja 2K12.

FJARLÆGÐ JÁRNA FRÁ STEYPUYFIRBORÐI, Í MM:

| | Plötur | Veggir | Bitar | Súlur |
|---|---|---|---|---|
| Innanhúss | **15** | **20** | **25** | **25** |
| Utanhúss | **20** | **20** | **25** | **30** |
| Undirstöður | **30** | **30** | | |

## STEINSTEYPA Í BYGGINGAHLUTUM:

Öll steypa og steypuvinna skal vera í samræmi við íslenska staðal ÍST-10, framkvæmdaflokk B.
Nota skal loftblendi sem gefur 5- 7% loftinnihald við útlögn.
Titra skal steypu.
Sigmál skal vera 60-80 mm.
VS-tala sé ekki hærri en 0,5.
Hámarkssteinastærð í steypu sé 32 mm, þó ekki stærri en 16 mm í ásteypulagi.
Nota skal þjálniefni í steypu ofan grunnplötu, t.d. KEMFLOT 35.

Í undirstöður notist C25
Í botnplötu notist C25
Í útveggi notist C25
Í bita og súlur notist C25
Í ásteypulag notist C25

Lágmark sementsinnihalds Í C25 steinsteypu er 300 kg/m³ og vs-tala < 0,5.




Undirstöður, grunnmynd, mkv.=1:50




Snið A - A, mkv.=1:20

Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.
Yfirfarið
23 JÚNI 2014
Byggingarfulltrúi

5340

173 014

4635-1060

| | |
|---|---|
| Breytingar: | |
| HÚSEY ehf Teikni- og verkfræðiþjónusta. SELFOSSI | |
| Vinnustofa: | Stóru-Sandvík 4, 801 Selfoss. Sími 482-1738 / 898-9199 Netfang: husey@internet.is |
| Áb.m. og rétthafi ©: | Samúel Smári Hreggviðsson, byggingatæknifræðingur, M.T.F.Í. Kt.: 200752-4659 |
| Viðfangsefni: | Hraunslóð 106 Grímsnes- og Grafningshreppi |
| Verkhluti: | Undirstöður Skýringar |
| Mælikvarði: 1:50 og 1:20 | Teiknað/Reiknað: ssh |
| Dagsetning: | Stóru-Sandvík 4, í júní 2014 |
| Samþykkt: | |
| Verknúmer: | 14-676 |
| Teikn.nr: | 2-01 |